

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 69/97  
frá 4. október 1997**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997<sup>(1)</sup>.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 543/97 frá 17. mars 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70) í XIII. viðauka við samninginn:

„- 397 R 0543: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 543/97 frá 17. mars 1997 (Stjtið. EB nr. L 84, 26. 3. 1997, bls. 6).“.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 242, 4. 9. 1997, bls. 70 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 37, 4. 9. 1997, bls. 30.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 84, 26. 3. 1997, bls. 6.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 543/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún gildir frá 1. janúar 1996.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

E. Bull

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner